

Lýsingar á valgreinum

Lota 1

24. ágúst - 6. nóvember 2020

Tasty

Nemendur og kennari útbúa verkáætlun í sameiningu þar sem viðfangsefnið er „Tasty“, réttir sem eldaðir eru eftir myndböndum sem finna má á tasty.com og oft má sjá bregða fyrir á samfélagsmiðlum.

Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Ljósmyndun

Nemendur læra undirstöðuatriði í ljósmyndun og myndvinnslu.

Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Tilraunir í náttúrufræði

Markmiðið er að gera ýmsar tilraunir í náttúrugreinum, eðlisfræði og efnafræði. Nemendur koma jafnvel með hugmyndir að tilraunum sem væri hægt að framkvæma. Mikilvægt er að skilja og útskýra hverja tilraun, hvað gerist, hvernig og af hverju t.d með því að notast við mynd og hljóðupptökur af tilrauninni. Öryggi, ábyrg hegðun og frágangur eru mjög mikilvæg atriði.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Hugmyndir að tilraunum:

- Eðlisfræði – ljós, litablöndun og ljósakassinn
- Fílatannkrem
- Matarsótagos
- Purris
- Eldsnákur
- Búa til ís – nota rjóma (bragðbæta) klaka og salt
- Slím og slepja (oobleck)

Leir

Nemendur kynnst helstu aðferðum við leirmótun. Unnar eru teikningar af hlutunum áður en þeir eru mótaðir. Kynntar verða mismunandi aðferðir við skreytingu hlutanna.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Legó

Í legovaldi vinna nemendur að undirbúningi fyrir FIRST LEGO League keppnina (FLL) sem haldin er í nóvember. Keppt er í fjórum atriðum: Forritun, rannsóknarvinnu, básakynningu og vélmennakappleik. Keppnin gengur út á hönnun og forritun á vélmenni úr tölvustýrðu LEGO (Lego mindstorms ev3) til að leysa þrautir í þrautabraut sem byggir á þema keppinnar. Síðan þurfa nemendur að kynna rannsóknir sínar og lausnir og skrá niður ferli verkefnisins og kynna það. Markmið legovalsins og keppinnar er að vekja áhuga á vísindum og tækni, sem og að efla sjálfstraust, leiðtogaþæfni og lífsleikni.

Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Jóga nidra

Í jóga verður farið í helstu stöður og teygjur í jóga en aðaláherslan er á núvitund, slökun og hugleiðslu. Markmiðið verður að nemandi læri að kyrra hugann og ná betri einbeitingu með hugleiðslu og slökun. Farið er í æfingar þar sem líkaminn er liðkaður, síðan farið í slökun og hugleiðslu. Mikil áhersla lögð á öndunaræfingar.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Lopapeysugerð

Kósý tími þar sem nemendur læra helstu undirstöður og tækni í að þrjóna lopapeysu. Velja sér mynstur, lit og útfæra síðan eigin lopapeysu.

Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Boran

Nemendur kynnist því starfi sem unnið er í félagsmiðstöðinni, taki þátt og sækir þá fræðslu sem boðið er uppá. Nemendur eiga góðar stundir með jafnöldrum, fáist við fjölbreytt og skapandi verkefni og taki þátt í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi. Mætingarskylda einu sinni í viku í a.m.k. 80 mínútur.

Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Aðstoð í kennslu

Nemendur kynnist fjölbreyttu starfi Stóru-Vogaskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru. Nemendur aðstoði yngri nemendur í kennslustund, t.d. í lestrarþjálfun eða öðrum greinum. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og framkomu.

Frístund

Nemendur vinna með yngri nemendum og hjálpa þeim í leikjum og verkefnum Frístundar. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og framkomu.

Hálfsárs valgreinar Lota 1 og lota 2 24. ágúst - 22. janúar 2020

Hönnun og smíði

Nemendur velja sér sjálfir viðfangsefni, sem þeir hanna og vinna að um veturinn. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Skólahreysti

Greinin er hugsuð fyrir þá sem vilja taka þátt í Skólahreystikeppni grunnskólanna. Æfðar verða sérstaklega þær greinar sem keppt er í. Þeir sem skrá sig í þennan áfanga munu hugsanlega keppa fyrir skólans hönd þegar þar að kemur. Nemendur þurfa að hafa lokið 7. stigi í sundi.

Námsmat byggist á ástundun, virkni í tímum og framkomu.

Kajak

Í kajakróðri verða fjörur Vogavíkur og nánasta umhverfi skoðað. Í upphafi er farið yfir helstu öryggisatriði og áratök kennd. Farið er yfir nauðsynlegan búnað og meðferð hans, hverju þarf að huga að fyrir hverja ferð. Í kajakróðrum verða alltaf tveir kennarar sem sótt hafa tilskilin öryggisnámskeið. Ítrústu varkárni er gætt. Öryggisins vegna er nauðsynlegt að þeir nemendur sem eru í kajak hafi náð síðasta sundstigi og stundi sundtíma. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Enski boltinn - Fantasy

Megintilgangur er að nemendur fræðist bæði um liðin og leikmenn sem eru að spila í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Sett verður upp fantasy-deild þar sem nemendur fá ákveðna upphæð til að velja sér leikmenn. Þeir þurfa að skoða leikmenn þá bæði út frá verði og líkunum á því að leikmennirnir gefi þeim stig. Í hverjum tíma verður farið yfir stigin og stöðuna í deildinni. Einnig verður tippað á leikina í hverri umferð. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Valgreinar í boði

Lota 2

9. nóvember - 22. janúar 2020 nóvember 2020

Ömmubakstur

Markmið áfangans er að nemendur læri og kynnist aðferðum og uppskriftum sem ömmur okkar bökuðu. Allskonar góðgæti sem var á flestum veisluborðum eins og t.d. brauð, kökur, kleinur og fleira.

Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Spænska

Spænska fyrir byrjendur. Nemandi lærir að tala og rita spænsku. Notast verður m.a. við myndir og spænska tónlist. Unnið verður með hlustun og framburð. Að auki læra nemendur um spænska málsvæðið þ.e. Spán og Suður-Ameríku.

Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Íþróttaleikir

Farið verður í ýmsa íþróttaleiki, sem dæmi má nefna: golf, pílukast, hjólatúra, gönguferðir, hjólabretti, frísbíggolf, pool, borðtennis, fótboltaspil o.fl. Lögð verður áhersla á verklegan þátt nemenda.

Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Myndmennt

Farið verður í grunnstoðir tvívíðrar myndlistar. Áhersla lögð á teiknun, málun og grafík. Í teiknun verður farið í línuteikningar og skyggingar. Í málun verður spáð í litufræðinni og bæði gerð fígúratíf verk og verk með formum. Í grafíkinni verður gerð dúkrista og hún prentuð.

Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Kvikmyndir

Frábært val fyrir kvikmyndaáhugafólk. Horft verður á kvikmyndir sem kennari og nemendur velja í sameiningu og ýmis verkefni unnin í tengslum við þær. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Hár og list

Nemendum kennt um mikilvægi góðrar umhirðu hárs. Nemendur fá þjálfun í að nota verkfæri háriðnaðarins t.d. skæri, rakvél, bursta og hárbلاسara. Nemendur læra grunninn í klippingu og hárlitun þar sem nemendur fá að spreyta sig á lifandi módelum, ásamt gínum. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Boran félagsmiðstöð

Nemendur kynnist því starfi sem unnið er í félagsmiðstöðinni, taki þátt og sækir þá fræðslu sem boðið er uppá. Nemendur eiga góðar stundir með jafnöldrum, fást við fjölbreytt og skapandi verkefni og taka þátt í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi. Starfið hefur mikið forvarnargildi. Mætingarskylda einu sinni í viku í a.m.k. 80 mínútur. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Aðstoð í kennslu

Nemendur kynnist fjölbreyttu starfi Stóru-Vogaskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru. Nemendur aðstoði yngri nemendur í kennslustund, t.d. í lestrarþjálfun eða öðrum greinum. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Frístund

Nemendur vinna með yngri nemendum og hjálpa þeim í leikjum og verkefnum Frístundar. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og framkomu.

FS valgreinar í boði Allt skólaárið

Stærðfræði - STÆR2AH05

Fyrir öfluga nemendur í 10. bekk og þá nemendur sem eru búnir með námsefni 9. bekkjar.

Enska – ENSK2KO05

Fyrir öfluga nemendur í 10. bekk og þá nemendur sem eru búnir með námsefni 9. bekkjar.

Efnafræði - EFNA2ML05

Fyrir öfluga nemendur í 10. bekk. Þurfa að vera góðir í stærðfræði og náttúrufræði.

Spænska – SPÆN1SO05

Aðeins fyrir nemendur í 10. bekk, þurfa að vera það góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt einu tungumáli við enn.

Þýska – ÞÝSK1ÞO05

Aðeins fyrir nemendur í 10. bekk, þurfa að vera það góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt einu tungumáli við enn.

Húsasmíði - HÚSA1KY05

Fyrir góða nemendur í 9. og 10. bekk.

Rafmagn – RAFG1KY05

Fyrir góða nemendur í 9. og 10. bekk.

Textíl og hár – TXHÁ1FH05

Fyrir góða nemendur í 9. og 10. bekk.

Leikjaforritun – FORR1LE05

Fyrir góða nemendur í 9. og 10. bekk, þurfa að vera þokkalega góðir í stærðfræði.